



# ÁRSSKÝRSLA

Árið 2018



## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Á síðasta starfsári hefur farið fram mikil umræða um menntun og atvinnutækifæri ungs fólks með þroskahömlun. Sú umræða kviknaði að frumkvæði unga fólksins og aðstandenda þeirra þegar sú staðreynd blasti við þeim að þegar nemendur útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna bjóðast ekki mörg tækifæri til formlegrar menntunar. Framboð á námi við menntavísindasvið HÍ hefur minnkað, diplómanám við Myndlistaskólann hefur verið lagt af og símenntunartilboðum Fjölmenntar hefur fækkað vegna minnkandi fjárveitinga. Þetta gerist á sama tíma og útskriftarnemum af starfsbrautum framhaldsskólanna fjölgar. Tækifæri ungs fatlaðs fólks til menntunar eru býsna ólík tækifærum ófatlaðra jafnaldra þeirra. Slík staða samrýmist ekki áherslum nútímans á mikilvægi mannréttinda allra. Mennta- og menningarmálaráðherra brást við umræðunni með því að skipa starfshóp sem fékk það hlutverk að móta tillögur til úrbóta. Von er á niðurstöðu nefndarinnar nú í maí. Stjórnendur Fjölmenntar vonast til að Fjölmennt fái aukið hlutverk þegar kemur að menntun fatlaðs fólks og að fjármagn til málaflokksins verði aukið.

Þá fer nú fram endurskoðun laga um framhaldsfræðslu og hefur fulltrúi Fjölmenntar tekið þátt í þeirri vinnu. Það er von okkar að með nýjum lögum verði frekari stoðum rennt undir starfsemi Fjölmenntar og hlutverk Fjölmenntar verði skýrara. Á meðan unnið er að lagagerðinni hefur þjónustusamningur okkar við Mennta- og menningarmálaráðuneytið verið endurnýjaður og ber að fagna því.

Fjölmennt fagnar umræðu um menntun og atvinnutækifæri fullorðins fólks með þroskahömlun. Hjá Fjölmennt er til staðar mikil þekking og reynsla tengt menntun fatlaðs fólks. Nemendahópur Fjölmenntar er á öllum aldri, með ólíkar þarfir og óskir. Brýnt er að komið sé til móts við þennan nemendahóp með fjölbreyttum námstækifærum alla ævina. Nýr mennta- og menningarmálaráðherra hefur lýst því yfir að fatlað fólk skuli búa við jafnrétti til náms. Það vekur vonir um bætta stöðu málaflokksins í framtíðinni. Fjölmennt hlakkar til að taka þátt í þeirri vinnu næstu árin.

Reykjavík, 13. maí 2019

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

## INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2018. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

## STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
- Erna Arngrímsdóttir, ritari, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands
- Elsa Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Ólafur Páll Jónsson, meðstjórnandi, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp  
Guðrún Gunnarsdóttir og Bjargey Una Hinriksdóttir, skipaðar af Öryrkjabandalagi Íslands  
Hróbjartur Árnason, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Haustið 2018 var Hróbjartur Árnason aðalmaður í stjórn í fjarveru Ólafs Páls Jónssonar.

Stjórnarfundir á árinu 2018 voru 9 talsins. Ársfundur var haldinn 14. maí.



# 1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## Starfstími

Starfsfólk mætti til starfa þann 4. janúar. Námskeiðshald hófst 11. janúar og kennt var til 18. maí. Námskeiðsdagar á vorönn voru 82. Haldin voru 140 námskeið, kennslustundir voru 2.899 með samtals 359 þátttakendum.

Í júní voru haldin 31 sumarnámskeið, 80 kennslustundir alls með samtals 96 þátttakendum.

Starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi 14. ágúst. Námskeið byrjuðu 28. ágúst og kennt var út nóvember. Námskeiðsdagar á haustönn voru 69. Haldin voru 141 námskeið, kennslustundir voru samtals 2.460 með 408 þátttakendum.

Í desember voru haldin 39 jólanámskeið, 121 kennslustund alls með samtals 128 þátttakendum.

Báðar annir ársins hófust með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst var unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem vörðuðu starfseminu í heild.

## Starfsfólk

### Starfsfólk á vorönn 2018:

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 13 kennarar með samtals 192 kennslustundir á viku
- 5 verktakar með samtals 23,5 kennslustundir á viku
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfshlutfalli
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi
- 1 stuðningsfulltrúi með samtals 5 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 27% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 21% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna skjalastjórnunarverkefnis og fleira 46% starfshlutfall
- Starfsmaður *sendiherraverkefnis* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

### **Starfsfólk á haustönn 2018:**

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 13 kennarar með samtals 184,5 kennslustundir á viku
- 9 verktakar með samtals 35,5 kennslustundir á önninni
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfi
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 97,5% starfi
- 3 stuðningsfulltrúar með samtals 15,5 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 23% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 21% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna verktaka og náms með stuðningi í 25% starfshlutfalli
- Starfsmaður *sendiherraverkefni* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

### **Fræðsla starfsfólks**

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmenntar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er duglegt að miðla reyningu sín á milli reglulega haldnir faghópafundir þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru.

### **Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi**

Námskeið Fjölmenntar eru auglýst á heimasíðu stofnunarinnar. Send eru út bréf til allra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðum og umsóknarfresti. Einnig eru námskeiðin auglýst á facebook síðu Fjölmenntar og áminningar sendar í tölvupósti.

Útskriftarnemum af starfsbrautum framhaldsskóla eru send bréf og boðið að koma í viðtal hjá ráðgjafa og kynna sér starfsemi Fjölmenntar.

Framboð á námskeiðum var fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans

Heimilisfræði

Myndlist og handverk

Tónlist og leiklist

Mál og samfélag

Tölvu- og upplýsingatækni

Sjálfstyrking og valdefling

Námskeið Fjölmenntar eru flest haldin í húsnæði stofnunarinnar að Vínlandsleið 14. Námskeið í íþróttum, sundi, keilu, jóga og dansi eru haldin í íþróttahúsum, líkamsræktarstöðvum og sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd er boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi.

Fjölmennt hefur frá árinu 2012 verið með samning við Mími símenntun um námskeiðshald fyrir markhóp Fjölmenntar og það samstarf gengið vel. Vegna fjárhagsstöðu Fjölmenntar var í upphafi árs aðeins gerður samningur fyrir vorönnina. Um mitt ár var tekin sú ákvörðun að færa þau námskeið sem haldin voru í Mími til Fjölmenntar. Á haustönn var því aðeins eitt námskeið haldið hjá Mími.

Tvö námskeið voru haldin sem sérstaklega voru ætluð fólki á einhverfurófi. Á vorönn var námskeiðið *Tölvuviðhald og viðgerðir* haldið í samstarfi við tölvuskólann Promennt. Á haustönn var námskeið í *tölvuleikjagerð* í samstarfi við Endurmenntun Tækniskólans.

Á vorönn var samstarf við Hress heilsurækt í Hafnarfirði. Einn nemendahópur æfði þar einu sinni í viku.

Samstarf var við símenntunarstöðina Klifið. Þar var boðið upp á *Zumba í vatni* sem haldið var í Sundlaug Sjálandsskóla.

Áframhaldandi samstarf er við Myndlistaskólann í Reykjavík. Myndlistaskólinn býður upp á vinnustofu í myndlist. Fjölmennt niðurgreiðir ekki það nám og greiða þátttakendur það að fullu. Fjölmennt sér um umsýslu, inntöku og skráningu. Kennurum Myndlistaskólans hefur staðið til boða ráðgjöf frá Fjölmennt en þeir hafa lítið þurft á ráðgjöf að halda.

## **Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi**

Árið 2018 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundhöll Reykjavíkur
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Yogasmiðjan
- Líkamsræktarstöðin Hress Hafnarfirði

- Mímir-símenntun
- Dansskólinn Hvönn, Kórinn íþróttahús
- Sjúkraþjálfunin Styrkur
- Endurmenntun Tækniskólans
- Sundlaug Sjálandsskóla
- Myndlistaskóli Reykjavíkur
- Tölvuskólinn Promennt

## Styrkir

Fjölmennt fékk á árinu 1.500.000 króna styrk frá *Öryrkjabandalagi Íslands*. Sótt var um styrkinn til verkefnastjórnunar vegna námskeiða sem haldin eru utan Fjölmenntar.

Á árinu fékkst styrkur til námsferða frá *Erasmus+* sem er náms- og styrkjasjóður Evrópusambandsins. Þrír starfsmenn Fjölmenntar fóru til Edinborgar á haustönn 2018 og kynntu sér listkennslu í Drake music Scotland.

Þróunarverkefni og námsferðir hafa mikið gildi fyrir starfsemi Fjölmenntar. Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus +* og hafa nú flestir kennarar stofnunarinnar farið í námsferðir erlendis og stefnt er að því að gefa öllu starfsfólki kost á því.

## Önnur starfsemi

Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi verkefnis sem nefnist „*Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks*“. Verkefni þetta var sett á fót að frumkvæði Landssamtakanna Þroskahjálpar og í fyrstu fjármagnað með styrk frá Progress áætlun Evrópusambandsins. Samningur er við Velferðarráðuneytið út árið 2019 til að standa straum af verkefninu. Starfsemi sendiherranna felst einkum í kynningum á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Á árinu var einnig samstarf við Átak félag fólks með þroskahömlun í tengslum við sveitastjórnarkosningar.

Notendaráð - ráðgjafarteymi: Í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 er kveðið á um stofnun notendaráða á öllum þjónustusvæðum landsins. Markmið með stofnun þeirra er að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi. Vorið 2018 var Fjölmennt falið að útbúa fræðslu sem ætluð er sveitarfélögum um stofnun notendaráða. Þessi vinna var að beiðni Velferðarráðuneytisins og er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins. Fræðsluna unnu þátttakendur í notendaráði sem Fjölmennt stofnaði fyrir Reykjavíkurborg ásamt tveimur starfsmönnum Fjölmenntar.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Á hverju vori er haldin *vorhátíð Fjölmenntar*. Hátíðin er haldin í Gullhömrum og hana sækja um þrjú hundruð manns og er hún orðin partur af félagslífi nemenda Fjölmenntar.

*Tónleikar* eru haldnir tvisvar á ári, vortónleikar í maí og jólatónleikar í desember. Þeir eru haldnir í Grafarvogskirkju og þar koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

### **Kynningarstarf**

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Bréf eru send til allra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út facebook síðu. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum. Mikil tengsl eru við aðstandendur nemenda. Í lok hvers námskeiðs er boðið uppá að þeir komi og fái yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang.

Töluvert er um að hópar komi til þess að kynna sér starfsemi Fjölmenntar, bæði innlendir og erlendir.

### **Heimsókn ráðherra**

Í desember kom Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra í heimsókn í Fjölmennt. Með í för voru Jón Pétur Zimsen aðstoðarmaður ráðherra og Ragnheiður Bóasdóttir sérfræðingur í ráðuneytinu. Stjórn Fjölmenntar og forstöðumaður tóku á mótí gestunum. Að loknum fundi um málefni Fjölmenntar skoðuðu gestirnir húsnæðið og fræddust um starfsemina.

### **Fjárhagur**

Framlag til Fjölmenntar á fjárlögum ársins 2018 var 259,3 milljónir króna. Frá því í júní 2017 hefur Fjölmennt greitt aukaframlag í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Áhöld voru um að Fjölmennt bæri að greiða þetta framlag og var ráðinn lögfræðingur til þess að reka málið gegn Fjármálaráðuneytinu fyrir hönd Fjölmenntar. Í lok október 2018 fékkst niðurstaða í málið og var úrskurðurinn Fjölmennt í vil og fékk stofnunin endurgreiddar rúmar 9 milljónir sem greiddar höfðu verið aukalega frá miðju ári 2017. Í byrjun árs 2019 fékk Fjölmennt aukagreiðslu upp á 5,4 milljónir sem uppbót á laun ársins 2018. Rekstrarafgangur ársins 2018 er því 8.961.974 krónur. Sá afgangur verður nýttur til að auka framboð náms árið 2019.



## 2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Ráðgjafardeildin hefur 1,2 stöðugildi. Ráðgjafar eru:

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli
- Helle Kristensen vegna innleiðingar spjaldtölvu í 20% starfshlutfalli

Störf ráðgjafardeildarinnar eru stöðugt í mótun. Má þar nefna tengsl við hinar ýmsu símenntunarstöðvar og ráðgjöf innan Fjölmenntar, almennt fræðsluhlutverk og kennsluráðgjöf. Einnig tengsl við talsmenn þátttakenda og aðra aðstoðarmenn þeirra, einkum er varðar undirbúning fyrir námskeið og yfirfærslu nýrrar þekkingar eða færni þátttakenda í aðstæður heima eða í vinnu.

### Ráðgjöf við starfsfólk Fjölmenntar

Ráðgjöf innan Fjölmenntar hefur haldið áfram að þróast. Ráðgjafar fara inn í kennslustundir og eiga fundi með einstökum kennurum eða kennarahópum og ráðgjafi um spjaldtölvur hefur haldið reglulega fræðslufundi með starfsmönnum. Frumkvæði að ráðgjöf við kennara og aðra starfsmenn kemur nú orðið að mestu frá þeim og sem fyrr fer stór hluti ráðgjafarinnar fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn.

Fundir hópa kennara með hliðstæð viðfangsefni, faghópafundir, hafa legið niðri á árinu, en ráðgjafar með styrk Fræðslunefndar hafa haft frumkvæði að því að faghópar kynni námskeiðin sín. Þar hefur skapast vettvangur til umræðu um margvísleg málefni í kennslu og starfi sem tengist í stærra samhengi.

Allir ráðgjafarnir eru í fræðslunefnd ásamt fulltrúa kennara, en tveir ráðgjafanna eru einnig í kennslu.

Ráðgjafar hafa samstarf um ráðgjöf eins og áður og sinna ráðgjöf sameiginlega vegna þeirra nemenda sem hafa sérstaklega flóknar námsþarfir.

Ráðgjafar hafa samband eins og áður við alla nýja umsækjendur áður eða á meðan inntökuberli stendur yfir. Í flestum tilfellum eru síðan haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt talsmönnum þeirra, ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar. Þátttakendum er boðið að velja staðsetningu fundar. Nú hafa þessir fundir verið haldnir í allnokkur ár og forstöðumenn og talsmenn í búsetuþjónustu eru farnir að gera ráð fyrir þeim. Foreldrar taka einnig oft þátt í þessum fundum, þótt börn þeirra séu flutt að heiman, einkum foreldrar yngstu þátttakendanna.

Kennarar sem fá þátttakendur á námskeið sín sem þeir þekkja ekki eru hvattir til að halda slíka fundi og eru ráðgjafarnir oft með á þeim fundum. Æ fleiri kennarar nýta sér þetta.

## Tengsl við símenntunarstöðvar

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar höfðu samband við allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar bæði að hausti og í janúar.

Aðstæður símenntunarstöðva eru eins og áður um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á hinum ýmsu svæðum. Tengsl við félagsleg þjónustukerfi og talsmenn fatlaðs fólks og innbyrðis tengsl stofnana eru ólík. Einnig er misjafnt milli símenntunarstöðvanna hversu vel tilboð þeirra nær til fólks með mismunandi skerðingar. Þar sem námstilboð nær vel til þeirra sem mikið eru fatlaðir hafa menn meiri áhyggjur af því hvernig megi ná til fólks sem er félagslega einangrað vegna vægari þroskahömlunar, einhverfu eða geðfötlunar og nýtur sumt almennt lítillar þjónustu. Sums staðar virðist auðveldara að ná til þess hóps, meðan aðsókn meira fatlaðs fólks er lítil að námskeiðum. Á þeim svæðum þarf e.t.v. að kynna þjónustuaðilum betur menntunargildi námskeiða fyrir fólk með miklar þjónustubrýr.

## Önnur viðfangsefni

Ráðgjafar hafa tekið á móti fólki sem komið hefur til að kynna sér kennsluáðstæður, rofabúnað, stuðningsbúnað við spjaldtölvur og ákveðin svið í kennslu og námstilboði Fjölmenntar. Það hafa verið starfsmenn dagvista/verndaðra vinnustaða, heimila, nemandar í verknámi og ráðgjafar annarrar þjónustu. Einnig fatlað fólk og talsmenn þess sem vill kynna sér hvað er í boði hjá Fjölmennt áður en það sækir um námskeið. Fatlað fólk hefur einnig sjálft frumkvæði að því að leita sértækrar aðstoðar ráðgjafa um möguleika í námi og hefur sumum þeirra verið fylgt eftir vegna náms í Mími eða jafnvel við aðrar stofnanir vegna flókinna námsþarfa þeirra.

Ráðgjafi um notkun spjaldtölva heldur reglulega fræðslufundi fyrir starfsfólk í búsetu og aðstoðarmenn nemenda sem eru í spjaldtölvunámi.

Ráðgjafi fyrir fólk á einhverfurófi hefur umsjón með námskeiðum sem ætluð eru þeim hópi og sinnir ráðgjöf við kennara og undirbýr þátttakendur.

Ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks hefur umsjón með námskeiðum á augnstýribúnaði.

Á vorönn sátu ráðgjafar fund með forstöðumönnum í þjónustu við þá sem sækja námskeið hjá Fjölmennt ásamt forstöðumanni Fjölmenntar og verkefnastjóra. Tilgangurinn var að stuðla að virkara samstarfi við þá sem aðstoða þátttakendur heima og skiptast á upplýsingum og hugmyndum.

### 3. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Á vorönn 2018 voru auglýst 19 námskeið á heimasíðu Fjölmennt – Geðrækt. Haldin voru 8 námskeið, 4 í húsnæði dagsetra, 1 í Myndlistarskóla Kópavogs, 1 í Íþróttahúsi fatlaðra, 1 í Ljósheimum (Jógastöð) og 1 í húsnæði Fjölmenntar.

Að mestu voru auglýst sömu námskeið og á haustönn árið áður en námskeið í jóga bættist við á vorönn. Ávallt er leitað tillagna að námskeiðum frá notendum þjónustunnar. Einnig frá þeim sem að annarri þjónustu við þann hóp koma, s.s. forstöðumenn í búsetu og dagþjónustu, starfsfólk félagsþjónustumiðstöðva, ýmsa þjónustuaðila hjá LSP o.fl. Nokkrar tillögur komu að nýjum námskeiðum, m.a. jóga en áberandi voru óskir um námskeið sem höfða til ungs fólks. Fram kom áhugi fyrir stuttum námskeiðum og örnámskeiðum en að einnig verði áfram boðið upp á þau námskeið sem fyrir eru.

Mikil samvinna er við nemendur þá aðila sem að nærþjónustu við nemendur koma, s.s. í búsetu og dagþjónustu og hefur skapast gott samstarf um þau námskeið sem haldin eru. Einnig hefur verið mjög góð samvinna við þá kennara sem að námskeiðunum standa.

Haldið var eitt sumarnámskeið; Ganga, jóga og nestisbiti í náttúrunni.

Á haustönn 2018 var leitað eftir tillögum að námskeiðum meðal sömu aðila. Auglýst voru 18 námskeið á heimasíðu Fjölmennt – Geðrækt. Haldin voru 9 námskeið; 4 í húsnæði dagsetra, 1 í Myndlistarskóla Kópavogs, 1 í Íþróttahúsi fatlaðra, 1 í Ljósheimum (Jógastöð) og 2 í húsnæði Fjölmenntar..

Jólanámskeið voru tvö; Gómsætt jólagóðgæti sem haldið var í Dvöl og Stemmning á aðventu - Undur íslenskrar náttúru sem haldið var í samvinnu við Perluna.

Umræða á undanförunum misserum um stöðu þessa nemendahóps, þ.e. fólks með geðfötlun, einkennist af því að almennt hefur fólk mjög lítil fjárráð og sækir lítið námskeið og önnur tilboð sem greiða þarf fyrir. Framboð á tilboðum sem eru ókeypis hefur aukist, bæði í dagþjónustu og á öðrum vettvangi. Þessar áherslur í umræðunni hafa aukist.

Vaxandi umræða undanfarin misseri er um að reyna að ná til ungs fólks með geðfötlun, sem er vaxandi hópur í samfélaginu og bjóða upp á námskeið sem höfða til þess hóps.

Verkefnisstjóri hefur rætt við nokkra aðila sem að þeim hópi koma og hefur fullan hug á leita hugmynda og samvinnu um námskeið fyrir þann hóp. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram í gegnum tíðina. Nokkrar hugmyndir að námskeiðum fyrir þennan hóp á haustönn 2019 hafa verið skoðaðar og vonast er til að af geti orðið.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námskeiða fyrir fólk með geðfötlun.

#### 4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2018 voru gerðir samningar við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni fyrir utan Visku í Vestmannaeyjum. Framlög til stöðvanna námu samtals 51.806.653 krónum. Ráðgjafar Fjölmenntar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólki á viðkomandi svæði býðst og heimsækja stöðvarnar eftir þörfum. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennt. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð mikil áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð. Í skýrslum stöðvanna kemur fram að það er orðið viðurkennt verklag að hafa þessi tengsl við vettvanginn.

Vegna fjárhagsstöðu Fjölmenntar hafa framlög til símenntunarstöðva ekki hækkað í 6 ár. Framboð stöðvanna á námi fyrir fatlað fólk ber þess merki. Námskeiðum hefur fækkað og minna verið um þróunarverkefni. Jafnframt því að óska eftir hækkun á framlagi hafa framkvæmdastjórar stöðvanna óskað eftir endurskoðun á skiptingu fjármagns milli stöðva og að fundin verði sanngjarnari regla í skiptingu fjármagns. Það er ljóst að starfsemin er öflugri þar sem hægt er að ráða fagmenntaðan starfsmann til að skipuleggja og halda utan um námið fyrir markhóp Fjölmenntar. Minni símenntunarstöðvar hafa ekki bolmagn til þess fyrir það framlag sem þær fá frá Fjölmennt.

Í umræðu um endurskoðun framhaldsfræðslulaga hefur verið rætt hvort fjármögnum náms fyrir fatlað fólk eigi að vera með sama hætti og annarra hópa sem falla undir lögin. Ábyrgð á námi fyrir markhóp Fjölmenntar væri þá sú sama og annarra hópa símenntunarstöðva um land allt. Ef af slíkum breytingum verður þarf að vanda til verka og tryggja stöðvunum nægt fjármagn og bolmagn til að ráða starfsmann með menntun og þekkingu á málaflokknum.

## LOKAORÐ

Þjónustusamningur Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneyti rann út í lok árs 2017. Samningnum hefur síðan, að ósk ráðuneytis, verið framlengt óbreyttum tvisvar sinnum og rennur síðari framlengingin út í lok árs 2019. Við framlengingar hefur stjórn Fjölmenntar sett viðauka þar sem settur er fyrirvari um að þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til starfseminnar nægi ekki til að sinna þeim verkefnum sem þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir. Tímabært er að taka upp umræður um innihald samningsins. Efnisleg vinna núgildandi samnings fór fram árið 2015 og frá þeim tíma hefur ýmislegt breyst og má þar helst nefna þær skyldur sem íslensk stjórnvöld tóku á sig með fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016.

Allir sem sækja um nám hjá Fjölmennt fá úthlutað námskeiði. Til þess að hægt sé að tryggja öllum nám hafa mörg námskeið verið styttn bæði hvað varðar kennslustundafjölda og lengd námskeiðs og flestir fá aðeins eitt námskeið á önn. Þrátt fyrir þetta er kraftur í starfseminni og á hverju ári boðið upp á nýjungar og vel fylgst með því sem er að gerast í samfélaginu og brugðist við ef eitthvað nýtt og spennandi er í gangi. Þetta er hægt með því góða og reynslumikla fólki sem starfar hjá Fjölmennt.

Eins og fram kemur í ávarpi formanns stjórnar stendur yfir vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Tilgangur þeirrar vinnu er að endurskoða kerfið í heild og þar með talið nám fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar situr í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að skoða og móta tillögur um framhaldsfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi. Sú vinna hefur legið niðri en verður vonandi haldið áfram sem fyrst. Einnig hefur verið starfandi nefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að námi fyrir ungt fólk að loknu námi á starfsbraut. Von er á skýrslu frá þeirri nefnd í maí 2019. Við bindum vonir við að tillögur þeirrar nefndar og endurskoðun framhaldsfræðslulaga færi Fjölmennt ný hlutverk og markhópi Fjölmenntar verði tryggð ný og fjölbreytt námstækifæri.

Reykjavík, 13. maí 2019

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

## Tölulegar upplýsingar vorið 2018

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	72	24	14
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	4	67	18	13
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4	66	25	13
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	22	339	70	63
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	154	55	42
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	20	220	54	37
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	24	411	38	30
Viska Vestmannaeyjum		Engin námskeið		
Þekkingarnet Þingeyinga	5	67	41	22
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	140	2.899	359	339
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	31	80	96	96
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	9	211	39	30

---



---

270

4.586

819

699

## Tölulegar upplýsingar haustið 2018

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námsk.	Fjöldi á öllum námsk.	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	75	24	14
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	Engin námsk.			
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	7	80	34	16
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	19	312	75	68
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	6	130	54	25
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	14	232	60	46
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	28	415	39	27
Viska Vestmannaeyjum	Engin námsk.			
Þekkingarnet Þingeyinga	7	52	72	34
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	141	2.460	408	356
Jólanámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	39	121	128	128
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	9	207	39	32

---



---

276

4084

933

746

---



---